

REGLUGERÐ

86

13. ágúst

um sölu og afhendingu benzíns.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 70 5. júní 1947, svo og lögum nr. 37 12. júní 1939, og lögum nr. 59 7. maí 1940, er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Eigendum og umráðamönnum benzínbirgða, sem ætlaðar eru til afhendingar í smásölu, er óheimilt að láta úti nokkuð af þeim til bifreiðaaksturs fram yfir það, sem nægir til að fylla benzíngeymi bifreiðarinnar á annan hátt en með eðlilegri eyðslu gangvélar bifreiðarinnar. Heildsalar mega ekki láta úti benzín til bifreiðaaksturs nema til smásala, sem annast benzínsölu á bifreiðar annaðhvort fyrir eigin reikning eða í umboði heildsalans (olíufélagans).

Skömmtunarskrifstofa ríkisins getur þó veitt undanþágu frá þessum ákvæðum, þegar hún telur ástæðu til.

2. gr.

Benzín til annarrar notkunar en bifreiðaaksturs, þar með talið flugvélabenzín, er bannað að afhenda nema til nauðsynlegustu þarfa og ekki án sérstakrar heimildar Skömmtunarskrifstofu ríkisins meira en venjulegan vikuforða hlutaðeiganda.

3. gr.

Afgreiðslumönnum benzíns er skylt, unz annað verður ákveðið, að skrá i fullgilt skoðunarvottorð viðkomandi bifreiðar eða á blað, sem fest er við vottorðið, lítrafjölda, sem afgreiddur hefur verið til bifreiðarinnar. Skal hann enn fremur rita dagsetningu í vottorðið og einkenna með fangamarki sínu.

Afgreiðslumönnum er enn fremur skylt að gæta þess, að ekki sé afhent benzín nema til eðlilegrar notkunar bifreiðarinnar, og ber honum að neita um afgreiðslu, ef benzínkaup eru óeðlileg.

4. gr.

Heimilt er viðskiptanefnd að láta framkvæma fyrirvaralaust rannsókn á skoðunarvottorðum, ef hún telur ástæðu til.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 200 000, og skal með mál út af slíkum brotum farið sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Viðskiptamálaráðuneytið, 13. ágúst 1947.

Emil Jónsson.

Sigtr. Klemenzson.